

Talning tilkynninga í sískráningu

Mjög áriðandi er að talning tilkynninga í sískráningu sé samræmd. Notast er við skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd SOF sem finna má á heimasíðu BOFS. [Skilgreininga- og flokkunarkerfi í barnavernd | Ísland.is](#)

Kyn skal skrá í öllum tilvikum, nema þegar tilkynningar berast um ófædd börn. Kyn skal skrá á eftirfarandi hátt: drengur – stúlka – stálp (kynskráning barna sem falla ekki undir kynjatvíhyggju). Transbörn eru skráð sem drengir eða stúlkur eftir því sem við á (dæmi: barni er úthlutað kyni sem stúlka við fæðingu en skilgreinir sig sem dreng = skráð sem drengur).

Gerðar hafa verið breytingar á sískráningu varðandi ófætt barn. Tilgreina þarf þar undirflokkka, þ.e. neysla barnshafandi einstaklings, barnshafandi einstaklingur verður fyrir ofbeldi og önnur tilvik sbr. 16.gr. bvl.

Þar sem spurt er um ofbeldi af hálfu náinna aðila er rétt að árétta að þar er verið að tala um skylda eða tengda aðila eins og skilgreint er í hegningarlögum þar sem fjallað er um ofbeldi í nánnum samböndum. Með öðrum orðum, er verið að spyrja út í hvort barn sé beitt ofbeldi af hálfu fjölskyldumeðlima sem bera á einhvern hátt ábyrgð á umönnun þeirra og/eða hvort um er að ræða ofbeldi milli náinna fjölskyldumeðlima (eða fyrrverandi fjölskyldumeðlima), þ.e. það sem áður var kallað heimilisofbeldi.

1. **Fjöldi tilkynninga:**

Dæmi 1: Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal telja það sem þrjár tilkynningar.

Dæmi 2: Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hverja tilkynningu fyrir sig. Ef fjórar tilkynningar berast um eitt barn skal telja það sem fjórar tilkynningar.

Ef tilkynning berst um t.d. barn sem beitir annað barn ofbeldi ber að skrá tilkynningu á bæði börnin, í öðru tilvikinu er skráð áhættuhegðun (barn beitir ofbeldi), í hinu ofbeldi gegn barni.

Þar af fjöldi tilkynninga sem bárust í gegnum 112:

Telja skal tilkynningar í gegnum 112 með sama hætti og áður. Athugið að þegar tilkynnandinn er talinn í þessum tilkynningum þá miðast hann við þann aðila sem hringir í 112. Ef nágranni hringir í 112 skal merkja við nágranna en ekki flokka í annað.

2. Fjöldi barna sem tilkynnt var um í mánuðinum:

Dæmi 1: Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal telja það sem þrjú börn.

Dæmi 2: Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal ekki telja sama barnið oftar en einu sinni (í viðkomandi mánuði).

3. Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun eða mál í könnun eða meðferðar (opið mál):

Hér skal telja samanlagðan fjölda barna þar sem tekin var ákvörðun um að hefja könnun eða mál er þegar til könnunar eða meðferðar (opið mál), af þeim börnum sem tilkynnt var um í mánuðinum.

Þar af nýjar kannanir í þessum mánuði: Hér skal telja fjölda barna þar sem tekin var ákvörðun um könnun í mánuðinum, af þeim sem eru skráð í reitinn fyrir ofan.

4. Ákveðið að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. á grundvelli annarra upplýsinga:

Ef bvn tekur ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. bvl. á grundvelli annarra upplýsinga (ekki vegna tilkynningar) skal ekki skrá það sem tilkynningu, einungis að merkja við í reit 4.

5. Ástæður tilkynninga (fjöldi tilkynninga – flokkun):

Dæmi 1: Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal flokka ástæður fyrir hvert barn (sama ástæða getur verið fyrir öll börnin).

Dæmi 2: Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hverja ástæðu fyrir sig. Ef nágranni tilkynnir um barn og gefur upp vanrækslu skal merkja við þá ástæðu. Ef skóli tilkynnir um sama barn og gefur upp áhættuþegðun skal merkja við þá ástæðu (sama ástæða getur líka verið gefin upp).

Athugið að einungis má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra (a,b,c og d) á að stemma við fjölda tilkynninga í sp. 1, en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

6. Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu:

Hér skal telja fjölda barna þar sem barnaverndarþjónusta taldi barnið í yfirvofandi hættu.

7. Tilkynnendur:

- Dæmi 1: Ef ein tilkynning berst frá skóla um þrjú börn verða tilkynnendur þrisvar sinnum skóli.
- Dæmi 2: Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hvern tilkynnanda fyrir sig. Ef nágranni og ættingi tilkynna um sama barnið skal telja þá báða.

Samtalan á að stemma við fjölda tilkynninga í mánuðinum (sp. 1).

Uppfærðar leiðbeiningar 1. nóvember 2025.